

2012

**Ársskýrsla
Lögreglustjórans á
Vestfjörðum**



Efnisyfirlit

1. INNGANGUR	3
2. SKIPURIT	4
3. EMBÆTTIÐ	5
3.1 Áherslur, starfsmannahald og endurmenntun	5
3.2 Tæki og búnaður	7
3.3 Önnur mál.....	7
4. ALMENN DEILD	8
4.1 Almannaþingin	8
4.2 Umferðarmál	8
4.3 Eftirlit í umdæminu, frumkvæði og forvarnir	8
4.4 Fangageymslur	9
4.5 Önnur verkefni lögreglu.....	10
5. RANNSÓKN BROTA	10
5.1 Auðgunarbrot	11
5.2 Fíkniefnabrot.....	11
5.3 Ofbeldisbrot	11
5.4 Sérrefsilagabrot, slysa- og brunarannsóknir.....	11
5.5 Sáttamiðlun í opinberum málum.....	12
5.6 Aðrar rannsóknir	12
6. SAKSÓKN MÁLA OG SEKTARGERÐIR	12
6.1 Ákærur og meðferð sakamála	13
6.2 Sektargerðir	13
7. YFIRLIT YFIR FJÖLDA BROTA 2010-2012	14
7.1 Umferðarlagabrot	14
7.2 Fjöldi umferðarslysa.....	14
7.3 Sérrefsilagabrot	14
7.4 Haldlögð fíkniefni	15
7.5 Hegningarlagabrot.....	16
8. REKSTUR	17

1. INNGANGUR

Þegar þessi inngangsorð eru skrifuð blæs napur vindur úr norðaustri og moksturstæki Vegagerðar eru að ryðja þjóðveginn yfir Steingrímsfjarðarheiði og Þróskulda sem hefur verið ófær frá aðfaranótt sunnudagsins 14. apríl.

Þessi vetur hér fyrir vestan er orðinn langur og menn bíða komu vorsins.

Samkvæmt ársreikningi 2012 nam tap ársins 2.265.726 kr. en höfuðstóll í lok árs 2012 var 5.464.859 kr. Höfuðstóll eða eigið fé embættisins hefur lækkað undanfarin ár.

Lögreglan á Vestfjörðum leggur nú sem endranær áherslu á að viðhalda og bæta umferðarmenningu, stemma stigu við neyslu og dreifingu ólöglegra vímuefna, standa vörð um hagsmuni barna og unglinga og veita borgurum aðra þá þjónustu sem lög-reglu ber að veita lögum samkvæmt.

Nú einstaklingar létust í umferðarslysum hér á landi árið 2012, þar af einn í umdæmi lögreglunnar á Vestfjörðum. Síðast varð hér banaslys árið 2009.

Vegir og vegakaflar í umdæminu eru komnir til ára sinna og viðhald og endurnýjun ekki eins og best verður á kosið en fjölga þarf vegstikum við vegi og þörf er á vegriðum víða á viðsjárverðum vegaköflum eins og á fjallvegum í Barðastrandarsýslu.

Lögreglan á Vestfjörðum hefur þurft að draga úr umferðareftirliti í dreifbýli vegna aðhalds í rekstri. Taka þyrfti í notkun sjálfvirkt hraðaeftirlit á völdum stöðum og setja skilti við vegi þar sem vakin er athygli á hraðaeftirliti lögreglu og fjölga umferðar-skiltum sem mæla fyrir um hámarkshraða ökutækja.

Veður voru válynd í lok árs og vegir lokuðust vegna snjóflóðahættu og ófærðar. Rafmagnslaust var í nokkra sólarhringa og íbúar á norðanverðum Vestfjörðum máttu búa við einangrun síðusta daga ársins. Allt fór þó vel en lærdómsríkur tími fyrir viðbragðsaðila og íbúa.

Lögreglumenn unnu gott starf á árinu og vel gekk að leysa úr daglegum verkefnum en úrvinnsla einstakra mála tekur oft langan tíma ekki síst vegna þess niðurskurðar sem lögregla hefur þurft að taka á sig í viðvarandi efnahagsþrengingum.

Ársskýrslunni er fyrst og fremst ætlað að veita tölfraeðiupplýsingar. Skýrslan er ekki gefin út í prentuðu formi en er aðgengileg á heimasvæði lögreglunnar á Vestfjörðum á löggluvefnum, vefslóðinni: www.logreglan.is

Önundur Jónsson, yfirlögregluþjónn, lét af störfum á haustmánuðum eftir langt og giftusamt starf í þágu lögreglunnar á Íslandi.

Hlynur H. Snorrason, yfirlögregluþjónn, kom að gerð skýrslunnar og þakka ég honum aðstoðina.

Ísafirði, 15. apríl 2013.


Úlfar Lúðvíksson,

lögreglustjóri á Vestfjörðum.


SKIPURIT

Engar breytingar voru gerðar á skipuriti lögreglunnar á Vestfjörðum árið 2012 en skipuritið er óbreytt frá 1. janúar 2007. Óskað hefur verið eftir breytingum þar sem mikilvægt er að skipurit sé lýsandi fyrir starfsemi á hverjum tíma. Þannig hefur staða forvarnar- og fræðslufulltrúa verið lögð niður og lögreglumönnum verið fækkað en við breytingu á fyrirkomulagi vakta á Ísafirði þann 1. janúar 2011 var vöktum fækkað úr fimm í fjórar og þar með fækkaði lögreglumönnum um tvo. Tillaga að nýju skipuriti var send innanríkisráðuneytinu með bréfi, dags. 18. mars 2011, en í tillögu er lagt til að yfirlögregluþjónn og lögreglulið heyri beint undir lögreglustjóra en ekki löglærðan fulltrúa. Núgildandi skipurit er ekki lýsandi að þessu leyti þar sem yfirlögregluþjónn og lögreglulið heyra í reynd beint undir lögreglustjóra. Ríkislögreglustjóri hefur lagt til að þannig breytt skipurit verði samþykkt af innanríkisráðherra.

Skipurit sem er í gildi:



Neðangreint skipurit er lýsandi fyrir skipulag starfseminnar eins og hún er í dag en hefur ekki verið staðfest af ráðherra. Fjórir varðstjórar stýra hver sinni vakt á starfsstöð á Ísafirði en sá fimmti er með starfsstöð á Hólmavík.



3. EMBÆTTIÐ

3.1 Áherslur, starfsmannahald og endurmenntun

Það hefur verið áhersluatriði í rekstri lögreglunnar á Vestfjörðum að halda rekstri innan fjárheimilda. Til að ná því markmiði var nauðsynlegt að fækka lögreglumönnum um tvo og breyta vaktakerfi á varðstöð lögreglu á Ísafirði. Þær breytingar tóku gildi 1. janúar 2011. Lögreglumönnum hefur fækkað um þrjá og eru þeir 18 í dag en segja má að starfsmannafjöldi hafi verið skorinn niður í það sem kalla má lágmarksmannafla. Það markmið að starfandi lögreglumenn séu allir útskrifaðir úr Lögregluskóla ríkisins náðist ekki árið 2012 en starfsmannavelta er talsverð eins og verið hefur um langt skeið en illa hefur gengið að manna lausar stöður með lögregluskólagengnum lögreglumönnum. Starfsmönnum var boðið upp á starfsmannasamtöl eins og undangengin ár. Góð tengsl eru við önnur lögreglulið, björgunarsveitir, stofnanir og sveitarfélög. Samstarf og samvinna við embætti ríkislögreglustjóra og lögregluna á höfuðborgarsvæðinu er með ágætum. Í maí 2012 héldu lögreglumenn úr sérsveit ríkislögreglustjóra æfingu með lögreglumönnum hér á



Frá æfingu með sérsveit ríkislögreglustjóra

Í júní 2012 hélt Europol þriggja daga ráðstefnu í höfuðstöðvum sínum í Haag, Hollandi. Yfirskrift ráðstefnunnar var „European Senior Investigator Officer’s Conference on Homicide“. Ráðstefnuna sóttu um 200 rannsóknarlögreglumenn víðsvegar frá Evrópu. Hlynur Hafberg Snorrason, þáverandi lögreglufulltrúi, var annar tveggja íslenskra rannsóknarlögreglumanna sem sóttu ráðstefnuna sem var afar áhugaverð og gagnleg að mati Hlyns Hafberg.

3.2 Tæki og búnaður

Ávallt þarf að huga að endurnýjun tækjabúnaðar. Ný Skoda Scout bifreið var tekin í notkun í júní 2011 á Ísafirði og í desember sama ár kom nýr Landcruiser jeppi til varðstöðvar á Hólmavík. Subaru bifreið sem verið hafði á Patreksfirði var skilað inn til bílamiðstöðvar ríkislögreglustjóra en í stað hennar kom til Patreksfjarðar Hyundai bifreið frá Ísafirði. Þetta var árið 2011. Þá lét lögregla frá sér fíkniefnahund í lok árs 2011 í hagræðingarskyni jafnframt því að skila inn til bílamiðstöðvar bifreið sem hundateymi hafði til afnota. Í dag hefur lögreglan á Vestfjörðum yfir að ráða sex lögreglubifreiðum. Þrjár eru á Ísafirði þar af ein ómerkt. Tvær á Patreksfirði og ein á Hólmavík. Í dag nota flestir lögreglumenn varnarvesti en stefnan er að hafa slíkan búnað ætíð tiltækan. Fjarskiptabúnaður lögreglu er í góðu lagi og öðrum búnaði vel við haldið.

3.3 Önnur mál

Haustið 2012 barst yfirlögregluþjóni rannsóknarniðurstöður Hörpu Oddbjörnsdóttur, nema í sálfræði við Háskólann á Akureyri en hún kannaði viðhorf nemenda Menntaskólans á Ísafirði til lögreglunnar á Vestfjörðum. Niðurstöður sýndu að nemendur voru frekar jákvæðir í garð lögreglu en rannsóknin náði til allra nemenda í dagskóla, eða 157 nemenda. Svarhlutfallið var 18%. Ekki var sjáanlegur munur milli kynja hvað viðhorf til lögreglu varðar. Niðurstöðurnar eru ánægjulegar ekki síst í ljósi þess að um aldurshóp er að ræða sem lögregla á mikil samskipti við.

4. ALMENN DEILD

Í almennri deild lögreglu störfuðu 14 lögreglumenn á þrem lögregluvarðstöðvum. Markmið embættisins um að allar stöður lögreglumanna skuli mannaðar lögregluskólagengnum lögreglumönnum hafa ekki gengið eftir. Nokkrir lögreglumenn sem ekki hafa verið útskrifaðir úr lögregluskóla voru við störf á árinu.

4.1 Almannaþingarnir

Sex almannaþingarnefndir eru í umdæmi lögreglustjórans á Vestfjörðum. Ein þeirra er fyrir Bolungarvík, önnur fyrir Ísafjarðarbæ og Súðavíkurbæ, þriðja fyrir Reykhólabæ, sú fjórða fyrir Vesturbyggð og Tálknafjarðarbæ og loks eru tvær í Strandasýslu. Lögreglustjóri hefur hvatt til þess að nefndum þessum verði fækkað og sveitarfélög sameini almannaþingarnefndir umfram það sem nú þegar er orðið.

Í umdæmi lögreglustjóra eru fjórir flugvelli fyrir áætlanaflyg og segja má að árlega fari fram reglubundnar flugslysaæfingar á einum þessara valla þar sem æfð eru viðbrögð við flugslysum. Þann 12. maí 2012 fór fram flugslysaæfing á Þingeyrarflugvelli á vegum ISAVIA í samstarfi við ríkislögreglustjóra og lögreglustjóra. Viðbragðsáætlanir eru til fyrir þessa fjóra flugvelli, þ.e. Ísafjarðarflugvöll, Þingeyrarflugvöll, Bíldudalsflugvöll og Gjögurflugvöll.

Sameinuð almannaþingarnefnd Ísafjarðarbæjar og Súðavíkurbæjar hélt sex fundi á árinu og á einum þessara funda var haldin svokölluð skrifborðsæfing með aðkomu almannaþingarnefndar ríkislögreglustjóra.

4.2 Umferðarmál

Eitt banaslys varð í umferðinni í umdæmi lögreglunnar á Vestfjörðum á árinu. Slysnið varð við Steingrímsfjarðarheiði þegar ökumaður missti stjórn á bifreið sinni sem hafnaði utan vegar. Tveir farþegar voru í bifreiðinni auk ökumanns. Farþegarnir slösuðust alvarlega en ökumaður bifreiðarinnar lést.

Nokkrar einbreiðar brýr eru í umdæminu en Vegagerðin vinnur að endurgerð þeirra. Þá vantar töluvert upp á að allir þjóðvegir séu með bundnu slitlagi og hluti vega er ekki með fullri breidd þó vegir séu bundnir slitlagi. Af þessu hefur lögregla áhyggjur en gera má ráð fyrir því að þeim ferðamönnum fjölgi sem leggja leið sína vestur á firði á komandi árum.

Í töflu 7 gefur að líta tölfræði um umferðaróhöpp á árinu í umdæminu.

4.3 Eftirlit í umdæminu, frumkvæðisvinna og forvarnir

Eins og fram hefur komið hefur markvisst verið dregið úr akstri lögreglubifreiða vegna niðurskurðar á fjárheimildum.

Hinn 1. janúar 2012 sameinaðist Bæjarhreppur sveitarfélaginu Húnaþingi vestra. Við þá breytingu færðist ábyrgð löggæslu í Bæjarhreppi til lögreglunnar á Blönduósi en vegur yfir Holtavörðuheiði, innan Bæjarhrepps, var fram að sameiningu sveitarfélaganna innan lögsagnarumdæmis lögreglunnar á Vestfjörðum.

Forvarnarstarf var ekki skipulagt með sérstökum hætti árið 2012 en þrátt fyrir það hefur lögregla brugðist vel við öllum beiðnum skólayfirvalda og annarra um heimsóknir eða samráðsfundi. Lögreglan er þannig ávallt tilbúin til að halda fyrirlestra um umferðaröryggismál, vímuefnaforvarnir og önnur þau mál sem lögregla getur stutt.

Rétt er að geta þess að allt frá árinu 1996 hefur einn liðsmaður lögreglunnar á Vestfjörðum, Hlynur Hafberg Snorrason, verið verkefnisstjóri vímuefnaforvarna-hópsins Vá Vest. Hlutverk hópsins hefur verið að vinna að og efla vímuefnaforvarnir á norðanverðum Vestfjörðum. Hópurinn hefur hlotið nokkrar viðurkenningar fyrir störf sín á undanförunum árum.

Á árinu fór lögreglan á Vestfjörðum og þylusveit LHG í tvær eftirlitsferðir um umdæmið. Eftirlitið miðaðist aðallega við eftirlit með því að lög og reglur séu virtar í friðlandi Hornstranda. Starfsmanni Fiskistofu var boðið að koma í aðra þessa ferð og var gætt að meintum ólöglegum netalögnum. Þessar ferðir eru nauðsynlegar til að hafa eftirlit með svæðum utan alfaraleiða.



Lagt hald á ólöglegt net í Jökulfjörðum

4.4 Fangageymslur

Á lögreglustöðinni á Ísafirði eru 6 fangaklefar. Á varðstöð á Patreksfirði eru 4 nothæfir klefar og á Hólmavík eru 2 fangaklefar. Á árinu var unnið að lagfæringum á fangaklefum á Ísafirði. Eins og neðangreind tafla sýnir fjölgar vistunum á milli ára. Af þeim 97 einstaklingum sem voru handteknir á árinu 2012 voru 9 konur. Fimm þeirra voru vistaðar í fangageymslum.

Tafla 2. Fjöldi handtaka og vistana árin 2007-2012

	2007	2008	2009	2010	2011	2012
Handtökur	82	135	73	101	54	97
Fjöldi handtaka	82	135	73	101	54	97
Fjöldi einstaklinga	70	99	65	92	48	76
Vistanir	47	74	39	75	39	60
Fjöldi vistana	47	74	39	75	39	60
Fjöldi einstaklinga	37	59	37	69	32	50

4.5 Önnur verkefni lögreglu

Lögregla sinnir ýmsum birtingum á ákvörðunum, s.s. fyrirköllum frá héraðsdómstólum, ákærum frá lögreglustjórum og saksóknurum og árituðum sektarboðum. Þá er ekki óalgengt að lögregla sinni upplýsingagjöf og aðstoð við einstaklinga og fyrirtæki þótt ekki sé um hefðbundin löggæsluverkefni að ræða. Árið 2012 voru send út sektarboð fyrir 12 milljónir króna en þá er ekki tekið tillit til veitts afsláttar. Staðfestir voru 150 ökuferilspunktur og samtals voru ökumenn sviptir ökurétti í 403 mánuði.

Tafla 3. Fjöldi fyrirkalla og annarra verkefna árin 2007–2012

	2007	2008	2009	2010	2011	2012
Birtingar (ákætur, fyrirköll, dómar, afplánunarbref o.fl.)	198	248	196	81	103	119
Útsend sektarboð	603	634	346	376	339	343
Dómsárituð sektarboð	24	41	6	32	14	16
Samtals	825	923	548	457	456	478



Hafnarmúli við Patreksfjörð

5. RANNSÓKN BROTA

Í rannsóknardeild starfar lögreglufulltrúi og rannsóknarlögreglumáður og hefur svo verið frá árinu 1997 og er lögreglufulltrúi yfirmaður deildarinnar. Rannsóknardeildin sinnir þeim verkefnum sem kveðið er á um í reglugerð nr. 192/2008, auk þeirra tilfallandi verkefna sem lögreglustjóri ákveður. Umdæmi lögreglu er víðfemt og hefur reynt á samvinnu lögreglumanna á þremur varðstöðvum umdæmisins er varðar lögreglurannsóknir. Starfsmenn rannsóknardeildar hafa í mörgum tilfellum farið á brotavettvang og verið öðrum lögreglumönnum til halds og trausts og tekið við málum vegna framhaldsrannsókna. Hér verður gerð grein fyrir nokkrum þeirra brotaflokka sem komu til meðferðar hjá rannsóknardeild lögreglunnar á Vestfjörðum á árinu. Hegningarlagabrot voru 211 talsins og komu flest þeirra til meðferðar hjá rannsóknardeild. Ef frá eru talin umferðarlagabrot komu alls 179 sérrefsilagabrot til meðferðar hjá embættinu og flest þeirra voru unnin í rannsóknardeild. Brotum fjölgaði á milli ára.

5.1 Auðgunarbrot

Eins og fram kemur í töflu 10 er fjöldi auðgunarbrot svipaður og árið 2011.

5.2 Fíkniefnabrot

Fíkniefnamál voru töluvert fleiri árið 2012 en árið 2011. Dró þó úr haldlagningum efna og magnið var minna árið 2012.

Rétt er þó að geta þess að lögreglan rannsakaði fíkniefnadreifingar á árinu þar sem fleiri en einn einstaklingur var grunaður um sölu. Upplýstist að nokkru leyti sala sem hafði farið fram. Fíkniefni voru ekki haldlögð nema í litlu magni í þessum rannsóknum en játningar á sölu og kaupum lágu fyrir að rannsóknum loknum.

Eftirlit með fíkniefnum var aukið með árvissum hætti á rokkhátíðinni Aldrei fór ég suður. Þá var eftirlit aukið með hefðbundnum hætti um sjómanna dags- og um verslunarmannahelgi en Patreksfirðingar halda ávallt veglega hátíð í kringum sjómanna daginn.

5.3 Ofbeldisbrot

Líkamsárásarbrot voru álíka mörg árið 2012 og tvö árin á undan. Skipting milli brota sem heimfærast undir 217. og 218. gr. almennra hegningarlaga er einnig svipuð.

5.4 Sérrefsilagabrot, slysa- og brunarannsóknir

Alls voru 13 brunar skráðir árið 2012. Tveir þeirra voru um borð í bátum sem lágu við bryggju. Fimm brunar í húsum, bæði fyrirtækjum og heimilum. Rétt er að geta gróðurelds í Laugardal í Ísafjarðardjúpi um verslunarmannahelgina þar sem eldur logaði á stóru svæði við Laugardalsvatn og kallaði á kostnaðarsamt og krefjandi slökkvistarf sem stóð yfir í marga daga. Lögreglu grunar að einhver hafi farið óvarlega með eld en ekki tókst að upplýsa málið. Aðra bruna á árinu tókst lögreglu að upplýsa.

Banaslys varð um borð í togara árið 2012 þar sem skipverji lést við vinnu sína um borð en togarinn var á siglingu úti fyrir Vestfjörðum. Skipinu var siglt til hafnar á Ísafirði þar sem lögregla tók við rannsókn málsins.

Eins og áður er vikið að varð eitt banaslys í umferðinni á árinu. Ökumaður missti stjórn á bifreið sinni skammt frá Steingrímsfjarðarheiði og hafnaði bifreiðin utan vegar og ökumaðurinn lést. Tveir farþegar, erlendir ferðamenn, slösuðust alvarlega. Orsök slyssins er talin vera of hraður akstur.


Í janúar 2012 valt eldsneytisflutningabifreið í Hestfirði við Ísafjarðardjúp með fullfermi af bensíni eða um 39 þúsund lítra. Ökumaður slasaðist ekki alvarlega en stór hluti farmsins rann úr tanki bifreiðarinnar og var viðbúnaður vegna eldhættu og umhverfisspjalla töluverður. Hálka var á veginum þegar slysið varð.

5.5 Sáttamiðlun í sakamálum

Á árinu voru tvö mál leidd til lykta með sáttamiðlunarfundum. Í báðum tilvikum var um að ræða minniháttar líkamsárásarmál. Lögreglan á Vestfjörðum reynir að beina sem flestum málum sem falla undir skilyrði sáttamiðlunar í þann farveg. Ekki er þó alltaf vilji af hálfu málsaðila til þess.

5.6 Aðrar rannsóknir

14 kynferðisbrotamál komu til meðferðar rannsóknardeildar lögreglu á árinu og fjölgar málum um 10 á milli ára. Rannsóknir kynferðisbrota geta verið umfangsmiklar, erfiðar og tímafrekar. Á þetta sérstaklega við um þau mál þar sem langur tími er liðinn frá atburði þar til kæra berst lögreglu. Yfirheyrslur í hljóð og mynd hafa gefið góða raun og eru bæði skilvirkar og faglegar.



DYNIANDI (FJALLFOSS)

6. SAKSÓKN MÁLA OG SEKTARGERDIR

Lögreglustjóri fer með ákærvald samkvæmt 18. gr. laga um meðferð sakamála nr. 88/2008. Valdsvið lögreglustjóra er skilgreint í 24. gr. sömu laga, en þar segir: „Lögreglustjórar höfða önnur sakamál en þau sem ríkissaksóknari eða héraðssaksóknari höfðar skv. 2. mgr. 21. gr. og 1. og 2. mgr. 23. gr., sbr. þó 3. mgr. þeirrar greinar.“ Undir ákærvald lögreglustjóra heyra brot gegn ákvæðum almennra hegningarlaga, ákvæðum ýmissa sérrefsilaga eins og umferðarlögum, lögum um ávana- og fíkniefni og siglingalögum, svo dæmi séu tekin.

6.1 Ákærur og meðferð sakamála

Ákærur eru gefnar út í nafni lögreglustjórans á Vestfjörðum í samræmi við ákvæði 5. gr. reglugerðar nr. 66/2006, um stjórnsluumdæmi sýslumanna og lögregluumdæmi lögreglustjóra, og annast lögreglustjóri og löglærður fulltrúi hans flutning mála fyrir héraðsdómi. Málsmeðferðarhraði er almennt góður þótt ekki hafi tekist í öllum tilvikum að halda málsmeðferðartíma innan ramma fyrirmæla ríkissaksóknara. Lögreglan á Vestfjörðum leitast við að auka skilvirkni í rannsóknum. Sáttameðferð í sakamálum hefur gefið góða raun. Útgefnum ákærum fjölgaði um 75% á milli ára.

Tafla 4. Fjöldi ákæra árin 2007–2012

	2007	2008	2009	2010	2011	2012
Fjöldi brota í ákæru *	96	119	43	30	54	127
Fjöldi ákæra**	56	44	22	22	33	58

*Ein ákæra getur falið í sér mörg mismunandi brot. **Fjöldi útgefna ákæra án tillits til fjölda brota eða mála.

6.2 Sektargerðir

Með auknum heimildum lögreglustjóra til að ljúka málum með sektargerðum í stað þess að gefa út ákærur hefur fleiri málum verið lokið með þessum hætti. Yfirleitt má segja að málsmeðferðartími styttest þegar sektargerðir eru samþykktar af brotamönnum. Ef sektargerð er hins vegar ekki samþykkt þarf lögreglustjóri að fella hana niður og gefa út ákæru.

Tafla 5. Fjöldi útsendra og samþykktra sektargerða árin 2007-2012

	2007	2008	2009	2010	2011	2012
Útsendar sektargerðir	44	22	52	38	48	58



7. YFIRLIT YFIR FJÖLDA BROTA 2007-2012

Í eftirfarandi töflum eru upplýsingar um fjölda og tegund brota í umdæmi lögreglu-stjórans á Vestfjörðum á ákveðnu tímabili.

7.1 Umferðarlagabrot

Umferðarlagabrotum fjölgar um 20% frá árinu 2011. Þó voru kærur vegna hraðakstursbrota færri árið 2012. Eins og tafla 6 sýnir voru ölvunar- og fíkniefna-akstursbrot nokkuð fleiri árið 2012 en árið á undan.

Tafla 6. Fjöldi umferðarlagabrota árin 2007-2012

	2007	2008	2009	2010	2011	2012
Umferðarlagabrot alls	788	824	458	454	436	521
Of hraður akstur (radarmæling)	441	477	260	253	204	154
Ölvun við akstur	34	33	24	24	15	22
Akstur undir áhrifum ávana- og fíkniefna	7	37	7	15	11	28

7.2 Fjöldi umferðarslysa

Eitt banaslys varð í umferðinni árið 2012 eins og áður er komið fram.

Tafla 7. Fjöldi umferðarslysa árin 2007-2012

	2007	2008	2009	2010	2011	2012
Samtals	38	46	37	29	52	47
Banaslys	2	1	1	0	0	1
Slys með alvarlegum meiðslum	8	6	5	9	2	7
Slys með minniháttar meiðslum	27	39	31	20	50	39

7.3 Sérrefsilagabrot

Sérrefsilagabrotum fjölgaði nokkuð árið 2012 miðað við síðustu tvö ár, sbr. töfluna hér að neðan. Munar þar mestu um fjölgun fíkniefna- og áfengislagabrota.

Tafla 8. Fjöldi sérrefsilagabrota árin 2007-2012

	2007	2008	2009	2010	2011	2012
Sérrefsilagabrot alls	70	96	66	113	110	179
Áfengislagabrot	11	11	12	11	21	37
Fíkniefnabrot	22	35	18	17	13	49



Vatneyri Patreksfirði

7.4 Haldlögð fíkniefni

Lagt var hald á minna magn af fíkniefnum í ár en árið á undan. Heimur fíkniefna er mjög breytilegur en nærvera eða fjarvera örfárra dagneytenda geta haft mikil áhrif á markaðinn á litlu markaðssvæði.

Tafla 9. Fíkniefni sem lögregla og tollgæsla lögðu hald á í undæminu 2009-2012

Tegund	Námar	2010			2011			2012		
		Haldl.	Gr.	Stk.	Haldl.	Gr.	Stk.	Haldl.	Gr.	Stk.
Kannabis	Hass	1	3,23					14	26,3	
Kannabis	Marihuana	2	1,47		6	101,0				
Kannabis	Blandað	6	24,45		4	1,41				
Kannabis	Plöntur				1	0,41				
Ofskynjun	Sveppir									
Örvandi	E-pillur							1	0,1	
Örvandi	Kókaín									
Örvandi	Amfetamín	9	21,21		1	1,05				
Ripp fuel/ töflur	Efedrín									
Óþekkt	Óskilgr.	2		16	4	73,69				
Samtals		20	50,37	16	16	177,6		15	26,4	

7.5 Hegningarlagabrot


Eins og taflan hér að neðan sýnir var fjöldi hegningarlagabrota í umdæmi lögreglu-
stjórans á Vestfjörðum svipaður og undanfarin ár.

Tafla 10. Fjöldi hegningarlagabrota árin 2007-2012

	2007	2008	2009	2010	2011	2012
Hegningarlagabrot alls	157	202	150	234	201	211
Þar af:						
Auðgunarbrot	27	61	51	73	69	70
Þjófnaður - innbrot (í töflu fyrir árið 2012 er aðeins getið innbrota)	8	21	10	22	11	18
Þjófnaður annað (í töflu fyrir árið 2012 er aðeins getið þjófnaðbrota)	19	32	34	46	52	42
Rán	0	0	0	0	0	0
Manndráp og líkamsmeiðingar alls	19	29	27	27	25	23
Þar af:						
Manndráp (211. gr.)	1	0	0	0	0	0
Líkamsrásir (217. gr.)	14	22	20	22	22	20
Líkamsrásir (218. gr.)	3	7	6	4	3	3
Kynferðisbrot alls	14	10	6	14	4	14
Eignaspjöll alls	52	43	39	81	60	58

Tafla 10.1

Helstu brot árið 2012



8. REKSTUR

Sértekjur milli ára hafa óveruleg áhrif á rekstur embættisins. Eins og taflan sýnir hefur dregið úr kostnaði við rekstur lögreglubifreiða og aukagreiðslur til starfsmanna lækka á milli ára.

Tafla 11. Skipting helstu rekstrarliða eftir útgjaldaflökkum 2011 og 2012

		2011	2012	Breyting %
Tekjur				
	Sértekjur	878.391	533.071	-39,31
	Áfengisgjald			
		878.391	533.071	-39,31
Gjöld				
Laun				
	Dagvinna	68.723.130	77.310.794	12,49
	Vaktaálag	28.562.033	32.236.054	12,86
	Aukagreiðslur	10.448.914	8.332.024	-20,26
	Yfirvinna	29.745.175	30.010.528	0,89
	Launatengd gjöld	33.470.276	34.734.938	3,78
		170.949.528	182.624.338	6,83
	Ferðir og fundir	1.738.480	1.898.928	9,23
	Rekstrarvörur	5.938.074	7.510.709	26,48
	Aðkeypt þjónusta	10.904.762	12.483.490	14,47
	Húsnæði	11.378.951	12.555.832	10,34
	Bifreiðar og vélar	21.245.620	19.724.523	-7,16
	Afskrift krafna o.fl.			
	Eignakaup	490.041	797.220	62,68
		51.695.928	54.970.702	6,33
		221.767.065	237.061.969	6,89
	Tekjuafgangur (tekjuhalli) fyrir ríkisframlag	(1.632.935)	(1.861.969)	14,02
	Ríkisframlag	223.400.000	235.200.000	5,28
		225.032.935	237.061.969	5,34
	Gjöld umfram tekjur			
	EIGIÐ FÉ	2.668.089	806.120	-69,78